

**SKÝRSLA
UNDIRBÚNINGSHÓPS
ASÍ-UNG**



Inngangur

Undirbúningshópur ASÍ-UNG hefur á undanförunum vikum og mánuðum unnið að stofnun nýs vettvangs fyrir ungt launafólk innan aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands. Í þessari skýrslu er farið yfir verkefni undirbúningshópsins og fjallað um megináherslur ungs launafólks sem fram hafa komið á fundum sem haldnir hafa verið fyrir fulltrúa allra aðildarfélaga ASÍ víðs vegar um landið.

Þá hefur undirbúningshópurinn, á grundvelli niðurstöðu fundanna, sett fram tillögur og hugmyndir að verkefnum ASÍ-UNG á næstu misserum.

Það er von undirbúningshóps ASÍ-UNG að skýrslan muni nýtast þingfulltrúum á stofnþingi ASÍ-UNG og nýrri forystu ASÍ-UNG í verkefnum sínum.

Undirbúningshópur ASÍ-UNG

Andri Sveinn Jónsson (Samiðn)

Einar Hannes Harðarson (SSÍ)

Guðfinna Alda Ólafsdóttir (LÍV)

Guðni Gunnarsson (Bein aðild)

Stanislaw Bukowski (SGS)

Svanborg Hilmarsdóttir (RSÍ)

1. Forsaga

Á ársfundi ASÍ haustið 2008 voru málefni ungs fólks m.a. til umræðu. Lögð var fram og samþykkt ítarleg stefna ASÍ í málefnum ungs fólks hvað varðar vinnu og einkalíf, menntun, velferð fyrir alla, kaup og kjör og vinnumarkaðs- og atvinnumál.

Sérstaklega var horft inn á við í verkalýðshreyfingunni og kom fram að mikilvægt væri að efla þekkingu ungs fólks á starfsemi stéttarfélaganna til að gera það meðvitað um réttindi sín, að vinna að heimasíðu ætlaða ungu launafólki þar sem réttindamál og hagnýtar upplýsingar væru settar fram, vinna að gerð samstarfssamnings milli stéttarfélaganna sem geri ungu launafólki auðveldara að samnýta réttindi sín í mismunandi stéttarfélögum og að taka til umfjöllunar hugmynd um stofnun ungliðahreyfingar innan ASÍ að norrænni fyrirmynd.

Á ársfundi ASÍ 2010 var samþykkt að stofna vettvang fyrir ungt launafólk í aðildarfélögum ASÍ. Í 29. gr. laga ASÍ segir nú:

Í tengslum við reglulegt þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ (ASÍ-UL).

Rétt til setu eigi einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 18-35 ára.

Þingið kýs sér níu manna stjórn sem skiptir sjálf með sér verkum, stýrir þingum ASÍ-UL og samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ á milli þinga.

Stjórn ASÍ-UL á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum.

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UL með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ.

2. Undirbúningshópur ASÍ-UNG

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að hefja undirbúning að stofnun ASÍ-UNG. Skipaður var undirbúningshópur með fulltrúum landssambanda og félaga með beina aðild.

Í undirbúningshópnum sitja:

Andri Sveinn Jónsson (Samiðn)

Guðfinna Alda Ólafsdóttir (LÍV) en hún tók við af Arnþóri Gíslasyni sem vék úr hópnunum í byrjun maímánaðar

Einar Hannes Harðarson (SSÍ)

Guðni Gunnarsson (Bein aðild)

Stanislaw Bukowski (SGS)

Svanborg Hilmarsdóttir (RSÍ)

Starfsmaður undirbúningshóps hefur verið Dalla Ólafsdóttir, lögfræðingur hjá ASÍ.

Undirbúningshópur ASÍ-UNG hefur fundað 6 sinnum og hefur haft með höndum undirbúning stofnþings ASÍ-UNG.

Í undirbúningi sínum hefur hópurinn reynt að taka mið af þeim hugmyndum og áherslum sem fram hafa komið á fundum með ungu launafólki um land allt.

3. Helstu verkefni

3.1. Fundir með ungu launafólki

Undirbúningshópur ákvað í upphafi vinnu sinnar að mikilvægt væri að víðtæk samvinna og samstaða skapaðist meðal ungs fólks í aðildarfélögum ASÍ. Þannig væri nauðsynlegt við undirbúning verkefnisins að undirbúningshópur gæti sótt hugmyndir, áherslur og stuðning frá ungu fólki í öllum aðildarfélögum ASÍ og jafnframt að félagslegt bakland verði til í aðildarfélögunum sem fulltrúar þeirra á þingum ASÍ-UNG gætu sótt til.

Því var ákveðið að í mars og apríl skyldu haldnir sameiginlegir fundir meðal ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ þar sem fjallað skyldi annars vegar um form og skipulag ASÍ-UNG en hins vegar um verkefni þess og megináherslur. Á fundunum væri kynning á verkalyðshreyfingunni en megináherslan væri að fá fram hugmyndir frá þátttakendum varðandi framangreind atriði.

Fyrsti fundurinn var haldinn með ungu launafólki á Austurlandi þann 22. mars sl. en í kjölfarið fylgdu fundir á Sauðarárkróki, í Borgarnesi, tveir fundir í Reykjavík á Stórhöfða og í Sætúni, á Ísafirði, Akureyri og á Suðurlandi.

Á fundina hafa mætt um 60 fulltrúar ungs launafólks í flestum aðildarfélögum ASÍ. Góður áhugi hefur verið á verkefninu á fundunum og ljóst að ungt launafólk telur ríka þörf á því að stofna vettvang fyrir ungt fólk hjá ASÍ.

Á fundunum var, eins og áður sagði, kallað eftir sjónarmiðum þátttakenda til skipulags ASÍ-UNG en ennfremur hver meginverkefni ættu að vera, áherslur og helstu hagsmunamál. Eins var kallað eftir hugmyndum um með hvaða hætti aðildarfélög ASÍ gætu eftir þátttöku ungs fólks innan félaganna. Unnar voru fundargerðir eftir hvern fund þar sem megin sjónarmið fundarmanna voru reifuð og voru fundargerðirnar að því loknu sendar til þátttakenda. Á grundvelli fundargerða allra fundanna hafa eftirfarandi meginniðurstöður verið teknar saman.

3.2. Meginniðurstaða fundanna

3.2.1. Skipulagsmál ASÍ-UNG

Í 29. gr. laga ASÍ segir um skipulag ASÍ-UNG að halda skuli þing ASÍ-UNG í tengslum við reglubundið þing ASÍ og rétt til þátttöku eigi einn fulltrúi frá hverju aðildarfélagi ASÍ. Þingið skuli kjósa sér níu manna stjórn sem skuli sjálf skipta með sér verkum og samræma störf ungs fólks í aðildarfélögum ASÍ.

Það lá því fyrir undirbúningshópi ASÍ-UNG að móta skipulag ASÍ-UNG og í því skyni var kallað eftir ákveðnum sjónarmiðum hvað varðar þau efni á undirbúningsfundunum.

Þau atriði sem sérstaklega var kallað eftir athugasemdum um voru varðandi fyrirkomulag og efni þinga ASÍ-UNG. Þá var kallað eftir sjónarmiðum fundarmanna um hvernig framkvæma ætti atkvæðagreiðslur á þingum ASÍ-UNG og um kjör stjórnar ASÍ-UNG.

3.2.1.1. Fyrirkomulag og efni þinga ASÍ-UNG

Það var nær samdóma álit allra fundarmanna að þing ASÍ-UNG ættu ekki að vera of formbundin og yfirbragðið ætti að vera með léttum hætti.

Mikil áhersla var lögð á að unnið væri í smærri hópum á þingum ASÍ-UNG, umræðuhópum, og „miðlunaraðferð“ væri notuð. Á grundvelli þess yrðu unnar ályktanir sem sem bornar væru upp til samþykktar á þingum ASÍ-UNG.

Nokkuð rík áhersla var lögð á að á þingunum væru flutt fræðsluerindi annars vegar varðandi þau mál sem bæru hæst á líðandi stundu en hins vegar almennt um málefni verkaýðshreyfingarinnar. Þannig kæmu fyrirlesarar bæði úr röðum verkaýðshreyfingarinnar og væru aðilar með víðtæka reynslu úr þjóðlífinu.

Viðfangsefnin í umræðuhópum og í ályktunum þingsins ættu að varða ungt fólk með víðtækum hætti. Þannig ætti að fjalla um kjaramál en ennfremur m.a. húsnæðismál, velferðarmál og jafnvel lífeyrismál.

Bent var á að mikilvægt væri að niðurstöðu þinga ASÍ-UNG væri hægt að leggja fram á þingum ASÍ þannig að sjónarmið ungs fólks gætu komið fram með beinum hætti í stefnumörkun þinga ASÍ. Þá var sömuleiðis bent á nauðsyn þess að þingfulltrúar gætu undirbúið sig fyrir þátttöku sína á þingunum, sérstaklega haft samráð við sitt bakland innan aðildarfélaganna, og því yrði að vera búð að ákveða umræðuhópa og málefnaáherslur fyrirfram.

3.2.1.2. Atkvæðavægi og kosning stjórnar

Á fundum undirbúningshóps var allmikið rætt um atkvæðavægi fulltrúa á þingum ASÍ-UNG. Aðildarfélög ASÍ eru nú 53 talsins en hvert aðildarfélag á einungis einn

fulltrúa á þingum ASÍ-UNG. Því lá fyrir undirbúningsnefnd ASÍ-UNG að leita eftir sjónarmiðum frá ungu fólki í aðildarfélögum ASÍ um hvert atkvæðavægi hvers fulltrúa ætti að vera auk þess sem taka þyrfti ákvörðun um hvernig kjósa skyldi í stjórn ASÍ-UNG.

Á fundunum var bent á þrjár leiðir sem kæmu helst til greina við ákvörðun atkvæðavægis hvers fulltrúa. Í fyrsta lagi að hver fulltrúi hefði eitt atkvæði, í öðru lagi að atkvæðavægi hvers fulltrúa væri hlutfallslegt miðað við félagafjölda á aldrinum 18-35 ára en í þriðja lagi væri farin svokölluð „blönduð leið“ þar sem meirihluta samkvæmt báðum þessum leiðum þyrfti til að tillaga eða ályktun yrði samþykkt.

Þátttakendur á fundunum voru flestir á þeirri skoðun að hver þingfulltrúi ætti að hafa eitt atkvæði. Menn voru þó almennt á því að ólíkir hagsmunir tækjust á en mikilvægt væri að þingfulltrúar sætu á þinginu á jafnræðisgrundvelli. Þessu til áréttingar var m.a. bent á að þing ASÍ-UNG hefðu í reynd ekkert ákvörðunarvald heldur ályktunarvald.

Nokkur vilji var til þess að í stærri og mikilvægari málum og/eða þegar hluti þingfulltrúa óskaði eftir væri hægt að kalla eftir blandaðri leið við atkvæðagreiðslu, þ.e. að til að tillaga hlyti samþykki yrði meirihluti fulltrúa að greiða henni vægi og þá yrði meirihluti félagsmanna á aldrinum 18-35 ára að vera að baki tillöggunni.

Það varð á endanum niðurstaða undirbúningshóps að fara framangreinda leið. Meginreglan er þá sú hver þingfulltrúi fari með eitt atkvæði en stjórn ASÍ-UNG eða 5 þingfulltrúar geti kallað eftir atkvæðagreiðslu samkvæmt „blandaðri leið“.

Hvað varðar kosningu stjórnar var þeim spurningum velt upp á undirbúningsfundum hvort stilla ætti upp níu manna lista til stjórnar eða menn ættu að bjóða sig fram á einstaklingsgrundvelli. Þá þurfti ennfremur að taka afstöðu til þess hvort kvótar m.t.t. kyns, atvinnugreina og landssvæða ætti að viðhafa við kosningu stjórnar.

Nokkuð skiptar skoðanir voru um fyrirkomulag stjórnarkjörs á fundunum. Fundarmenn töldu mikilvægast að einstaklingar hefðu færi á að bjóða sig fram en jafnframt þótti uppstilling hafa nokkuð góða kosti. Hvað varðar kvóta kom sérstaklega fram áhersla á að horft yrði til landssvæða við kjör stjórnar en starfsgreinar þóttu ennfremur skipta máli. Lítil sem enginn áhugi var á því að kynjakvóti yrði viðhafður vegna kjörs stjórnar. Almennt kom þó fram rík áhersla á að hæfasta fólkið yrði valið til stjórnarsetu. Þó komu fram sjónarmið um að aðeins einn frá hverju félagi sæti í stjórn.

Undirbúningsnefnd ASÍ-UNG ákvað, á grundvelli þeirra sjónarmiða sem komu fram, að viðhafa sömu aðferð og beitt er við kjör miðstjórnar á þingum ASÍ. Kjörnefnd

stillir upp níu manna lista til stjórnarkjörs en menn geta ennfremur boðið sig fram. Þá er gerð tillaga um að orðalag varðandi fulltrúa kynja, landssvæða og starfsgreina verði með sambærilegum hætti og vegna kjörs miðstjórnar þ.e., „Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landssvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust“.

Undirbúningsnefnd ASÍ telur, þrátt fyrir að niðurstaða fundanna hafi verið á annan veg, að mikilvægt sé að leitast sé við að hafa hlutdeild kynjanna sem jafnasta í stjórn ASÍ-UNG. Þannig segir m.a. í stefnu ASÍ í jafnréttismálum sem samþykkt var á ársfundi ASÍ haustið 2005:

Eitt af hlutverkum verkalýðshreyfingarinnar er að fylgja eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á og viðhaldið jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins.

...

Vinna á markvisst með aðildarsamtökum ASÍ að því að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla. Heildarsamtök og einstök stéttarfélög eiga að setja sér framsækna og markvissa stefnu í jafnrétti kvenna og karla og framkvæmdaáætlun þar sem hægt er að mæla árangur og þróun markmiða.

3.2.2. Meginverkefni ASÍ-UNG

3.2.2.1. Hlutverk og markmið ASÍ-UNG

Í 29. gr. laga ASÍ segir lítið um hlutverk ASÍ-UNG annað en að samræma störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ. Það liggur þó í hlutarins eðli að meginhlutverk ASÍ-UNG lýtur að ungu fólki innan aðildarfélaganna.

Á undirbúningsfundunum var fjallað um hver ættu að vera hlutverk og markmið ASÍ-UNG og hvaða megináherslur ætti vettvangurinn að beita sér fyrir fyrir. Með því að kalla eftir þessu var hægt að fá sjónarmið grasrótarinnar fyrir þing og nýja stjórn ASÍ-UNG að vinna eftir. Þá var ennfremur óskað eftir hugmyndum um hvaða málaflokka ASÍ-UNG ætti helst að beita sér fyrir gagnvart stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins. Ennfremur hvort vettvangurinn ætti að afmarka sig við kjaramál í þröngum skilningi þess orð eða að málefnum ungs fólks í víðum skilningi.

Fram kom á fundunum að mikilvægt væri að á vettvangi ASÍ-UNG væri fjallað um málefni líðandi stundar með áherslu á ungt fólk. Það væri eitt meginhlutverka ASÍ-UNG að tryggja að rödd ungs fólks heyrðist hátt og skýrt í þjóðfélagsumræðunni. Megináherslur væru þannig málefni ungs fólks almennt hvort sem um væri að ræða kjaramál, húsnæðismál eða lífeyrissjóðamál. Þó væri fræðsla til ungs fólks eitt af meginverkefnum og þannig gæti ASÍ-UNG í raun þjónað sem miðstöð fyrir fræðslu til ungs launafólks. Sömuleiðis að styðja við og veita verkalýðshreyfingunni aðhald.

Þá væri mikilvægt með samstarfi ungs fólk í aðildarfélögum ASÍ, að efla félagsvitund ungs launafólks og styrkja verkalýðshreyfinguna til lengri tíma litið. ASÍ-UNG væri vettvangur til að efla samstarf með ungu fólki í aðildarfélögnum.

Fram komu þau sjónarmið að ASÍ-UNG myndi styrkja aðildarfélögin og ASÍ en ætti þó ennfremur að gagnrýna aðildarfélögin og ASÍ teldu menn tilefni til þess með málefnalegum hætti. Þá komu t.d. fram þau sjónarmið að meðal brýnna verkefna ASÍ-UNG væri að taka til endurskoðunar ávinnslu réttinda úr sjóðum stéttarfélaganna gagnvart ungu launafólki sem er í sumarvinnu eða skiptir ört um félög. Gagnvart stjórnvöldum ætti samtökin að beita sér út frá hagsmunum unga fólksins en hafa í huga tengslin við Alþýðusambandið.

Sérstaklega var velt upp hugmyndum um ásýnd og aðferðafræði ASÍ-UNG, m.a. hvort á vettvangi ASÍ-UNG ætti að takast á um mál eftir „pólitískum“ átakalínum eða líta á ASÍ-UNG sem samráðsvettvang og þá ennfremur hvort aðferðafræðin út á við eigi að vera fagleg eða herská.

Skemmst er frá því að segja að nokkur mikil eindrægni var með að ASÍ-UNG ætti að vera samráðsvettvangur ungs fólks í aðildarfélögum ASÍ. Fulltrúar á þingum ASÍ-UNG ættu að ná sameiginlegri niðurstöðu í ákvörðunum sínum m.a. á grundvelli þess að samstaðan væri mikilvæg út á við. ASÍ-UNG gæti tekið afstöðu til pólitískra málefna en ætti þó alls ekki að vera flokkspólitískur vettvangur að mati flestra fundarmanna.

Þá stóð vilji fundarmanna til þess að ASÍ-UNG starfaði með faglegum hætti en þó ætti að beita frísklegum baráttuaðferðum með húnor og kaldhæðni. Eins ætti að gagnrýna bæði inn á við og út á við ef tilefni þætti til. Í því skyni væri jafnframt mikilvægt að formaður ASÍ-UNG talaði með skýrum hætti eða eins og einn fundarmanna sagði: „segja það sem allir eru að hugsa“.

3.2.2.2. Fræðsla

Á fundunum var sérstaklega óskað eftir hugmyndum fundarmanna um hverjar áherslur ASÍ-UNG ættu að vera í fræðslumálum; annars vegar gagnvart ungu fólki sem vill taka virkan þátt í verkalýðshreyfingunni en hins vegar gagnvart öllu ungu launafólki á vinnumarkaði.

Almennt má segja að fundarmenn voru á því máli að fræðslumál væru eitt meginverkefna ASÍ-UNG. Fjölmargar hugmyndir og ábendingar komu fram um það hvernig haga mætti fræðslumálum.

3.2.2.2.1 Fræðsla inn á við

- Námskeið
 - T.d. um hagfræði, sjálfsefningu, verkalýðshreyfinguna, fundarsköp
 - Fræðsludagur fyrir ungt fólk innan hreyfingarinnar
 - Leiðtoganámskeið
 - N.k. trúnaðarmannanámskeið fyrir ungt fólk innan aðildarfélaga
 - Nota Félagsmálaskólann
- Bæklingar og kennslufni
- Verkalýðsforystan með fyrirlestra
- Kynning á kjarasamningum
- Fræðsludagur trúnaðarmanna t.d. með „miðlunaraðferðinni“
- Fréttabréf

3.2.2.2.2. Fræðsla út á við

- Vefsvæði
- Blaðaútgáfa
- Auglýsingar t.d. með húmor og/eða frægu fólki
- Jafningjafræðsla í skólum
 - Fulltrúar stéttarfélaganna
 - Lífsleiknikennsla
- Efla trúnaðarmannakerfið til að kynna stéttarfélögin
 - Nota vinnustaðina

3.2.2.3. Vefsvæði ASÍ-UNG

Það verður eitt af fyrstu verkefnum stjórnar ASÍ-UNG að setja upp vefsvæði fyrir ungt fólk á vinnumarkaði. Kallað var eftir hugmyndum á undirbúningsfundunum um hver ættu að vera meginefnin á vefnum og hvernig mætti setja þau fram.

Það var meginniðurstaða fundanna að á vefsvæðinu væru upplýsingar settar fram „á mannamáli“ um réttindi og skyldur ungs fólks á vinnumarkaði og upplýsingar um starfsemi stéttarfélaganna. Mikilvægt væri að setja upplýsingar fram með einföldum hætti.

Hugmyndir að framsetningu:

- Spurningar og svör
 - Vissir þú...
 - Hvers vegna...
- Spjallþræðir
- Vísindavefurinn, www.visindavefur.hi.is
- Doktor.is, uppflöttiorð sett í stafrófsröð

- www.nams.is
- www.virk.is
- Veggir eins og á facebook
- ASÍ-UNG
 - Fréttir
 - Viðfangsefni
 - Stjórn
- Hvað gerir stéttarfélagið fyrir mig?
- Myndbönd
- Upplýsingar um húsnæðismarkaðinn
- Reynslusögur
- Í vinnu
 - Launaseðill
 - Ferilskrá
- Mikilvægt að efla vefi aðildarféлага ASÍ

3.2.2.4. *Ungt fólk innan aðildarfélaganna*

Þar sem mikilvægt er að ASÍ-UNG styðji við aðildarfélög ASÍ til að virkja ungt fólk til starfa innan félaganna var sérstaklega óskað eftir hugmyndum um með hvaða hætti slíkt gæti gerst. Fjölmargar ábendingar og tillögur komu fram, sumar hverjar um aðferðir sem félögin beita í dag gagnvart ungu fólki. Þá er ljóst að mati fundarmanna að mikilvægt er að ungt fólk fái virkan og góðan stuðning frá sínum aðildarfélögum við stofnun og starfrækslu slíks vettvangs.

- Jafningjafræðsla í skólum um verkefni stéttarféлага og helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
- Virkja trúnaðarmenn
 - Sérstök námskeið fyrir trúnaðarmenn þar sem þeir eru hvattir til að taka vel á móti ungu starfsfólki.
 - Kynningarefni fyrir trúnaðarmenn til að dreifa til nýrra og ungra starfsmanna
 - Kveða á um í kjarasamningum að nýir starfsmenn eigi rétt á ½ -1 klst. fundi með trúnaðarmönnum við upphaf starfs þar sem farið er yfir vinnutilhögun, réttindi og skyldur og starfsemi stéttarfélagsins.
- Svæðafélög ungs fólks

4. Samþykktir ASÍ-UNG

Það lá fyrir undirbúningshópi ASÍ-UNG að semja tillögu að samþykktum og þingsköpum til að leggja fram á stofnþingi ASÍ – UNG.

Á framangreindum fundum með ungu launafólki var kallað eftir sjónarmiðum ungs launafólks varðandi fyrirkomulag og efni þinga ASÍ-UNG, atkvæðavægis þingfulltrúa og tilhögun kosningur stjórnar. Í kafla xxx á bls. x er farið yfir niðurstöðu fundanna að þessu leyti.

Undirbúningsnefnd ASÍ-UNG hafði, auk framangreindra sjónarmiða, til hliðsjónar lög Alþýðusambands Íslands við gerð samþykktu ASÍ-UNG og þingsköp ASÍ við gerð þingskapa ASÍ-UNG.

Verður nú vikið að meginsjónarmiðum sem liggja til grundvallar samþykktum ASÍ-UNG.

Í I. kafla samþykktu ASÍ-UNG er fjallað um nafn og markmið ASÍ-UNG. Þar kemur fram í 1. gr. sú grundvallarhugmynd að ASÍ-UNG sé samráðsvettvangur ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ. Aðildarfélög ASÍ og/eða hópar ungs launafólks innan þeirra munu því ekki vera beinir aðilar að ASÍ-UNG heldur verður vettvangurinn samstarfs- og samræmingarvettvangur. Þá segir í tillögu að samþykktum ASÍ-UNG um hlutverk þeirra:

Að efla, samræma og styðja starf ungs launafólks innan aðildarfélaga ASÍ.

Að tryggja að sjónarmið ungs launafólks komi fram í stefnumótun og ákvarðanatöku aðildarfélaga ASÍ.

Að standa vörð um hagsmuni ungs launafólks gagnvart stjórnvöldum og öðrum samtökum.

Að fræða ungt launafólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og starfsemi stéttarféлага.

Að standa fyrir öflugri félagslegri fræðslu fyrir ungt launafólk innan Alþýðusambands Íslands.

Í lögum ASÍ segir, líkt og áður hefur verið nefnt, að í tengslum við reglulegt þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ.

Í II. kafla samþykktanna er fjallað með ítarlegum hætti um form og skipulag þinga ASÍ-UNG. Ákveðið var að þing ASÍ-UNG skuli halda degi áður en reglulegt þing ASÍ er sett. Ástæðurnar eru bæði hagnýtar og efnislegar. Annars vegar geta fulltrúar á þingum ASÍ-UNG samnýtt ferðina til þátttöku á þing ASÍ en hins vegar fær ungt launafólk færi á að stilla saman strengi og leggja niður meginlínur sínar sem lagðar verða fram á þingum ASÍ.

Varðandi málefnalegan undirbúning þinga ASÍ-UNG, sem fjallað er um í 8. gr. samþykktu ASÍ-UNG, þótti nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar framkvæmd vegna þinga ASÍ. Þar er meginreglan sú að þingfulltrúar eru fulltrúar viðkomandi

aðildarsamtaka og starfa þar í þeirra umboði. Í 2. mgr. 24. gr. laga ASÍ segir að mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á þingum ASÍ skuli senda miðstjórn 1 mánuði fyrir sambandsþing. Miðstjórn skal leggja mál þau og tillögur fyrir þingið ásamt umsögn sinni.

Til að mál og tillögur, sem ungt launafólk innan aðildarfélaga eða stjórn ASÍ-UNG hefur hug á að taka fyrir á þingum ASÍ-UNG, sé hægt að leggja fyrir þing ASÍ, standi vilji ungs fólks til þess, er því nauðsynlegt að hafa góðan fyrirvara á slíkum óskum. Því var ákveðið að setja í 8. gr. samþykktanna að stjórn ASÍ-UNG sendi álit og ályktanir í stórmálum 8 vikum fyrir þing ASÍ-UNG og mál og tillögur einstakra aðildarfélaga séu send stjórn ASÍ-UNG 6 vikum fyrir þingið. Þannig er hægt að leggja mál jafnframt fyrir þing ASÍ standi efni og ástæður til þess.

Þó þótti undirbúningshópi mikilvægt í ljósi umræðu á fundum með ungu launafólki og skipulagi ársfundar ASÍ 2010 nauðsynlegt að heimild væri í samþykktum ASÍ-UNG til að senda aðildarfélögum umræðuskjöl til undirbúnings álita og ályktana frá vinnuhópum þingsins.

Á fundunum með ungu launafólki var allnokkur umræða um atkvæðavægi á þingum ASÍ-UNG, líkt og fram kemur á bls. 4-5. Það var niðurstaða undirbúningshóps að meginreglan væri sú að hver þingfulltrúi færi með eitt atkvæði. Það var m.a. byggt á því að um samræðsvettvang væri að ræða með ályktunarvald en í reynd lítið ákvörðunarvald auk þess sem slíkt þótti samræmast betur hugmyndafræðinni um samstarf ungs fólks í aðildarfélögum. Þá getur stjórn eða 5 fulltrúar krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu um mál, t.d. við kosningu stjórnar.

Í ljósi þess að fram komu sjónarmið um að nauðsynlegt kynni að vera í stærri og mikilvægari málum að láta niðurstöðu ráðast á grundvelli svokallaðrar „blandaðrar leiðar“ ákvað undirbúningsnefnd ASÍ-UNG að stjórn ASÍ-UNG eða minnst 5 fulltrúar gætu krafist atkvæðagreiðslu þar sem eftirfarandi regla gildir:

Fulltrúar aðildarfélaga fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlutaða fjölda fulltrúa aðildarfélaga á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 18-35 ára.

Til þess að tillaga teljist samþykkt þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 4. mgr. og atkvæði meirihluta þeirra fulltrúa sem fundinn sækja.

Varðandi kjörgengi fulltrúa aðildarfélaga á þing ASÍ-UNG var ákveðið að allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ á aldrinum 18-35 ára væru kjörgengir og til einföldunar var ákveðið að miða við fæðingarár. Þá var, í samræmi við 30. gr. laga ASÍ, aðildarfélögum gert skylt að láta fara fram kosningu fulltrúa og varafulltrúa á þingi ASÍ-UNG. Eðlilegast þótti í ljósi eðlis ASÍ-UNG að áskilja að

eingöngu félagsmenn aðildarféлага á aldrinum 18-35 ára hefðu atkvæðisrétt við þá kosningu.

Varðandi kjör stjórnar ASÍ-UNG var kallað eftir sjónarmiðum á undirbúningsfundunum með ungu launafólki. Í 16. gr. samþykktanna er fjallað um kjör stjórnar. Ákveðið var að viðhafa sambærilegt fyrirkomulag og við kjör miðstjórnar á þingum ASÍ, þ.e. að notast við kjörnefnd, enda í samræmi við þær hugmyndir sem komu fram um að stilla upp einstaklingum en veita líka færi á framboðum annarra. Vísað er til umræðu á bls. 5-6 varðandi fulltrúa ólíkra atvinnugreina, landssvæða og kynja í stjórn.

5. Þingsköp ASÍ-UNG

Á undirbúningsfundunum kom fram ríkur vilji til þess að þing ASÍ-UNG væru með léttum og óformlegum hætti. Málefnaþing færi fram í vinnuhópum og miðlunaraðferð beitt ef tók væru á auk þess sem fræðsla skipaði ákveðinn þátt í dagskránni.

Undirbúningsnefnd ASÍ-UNG tók mið af þessum hugmyndum við mótun dagskrár stofnþings ASÍ-UNG og gerð samþykktanna og þingskapa. Aftur á móti var ákveðið að leggja þingsköp ASÍ til grundvallar við gerð þingskapa ASÍ-UNG en þó þannig að ákveðnum þáttum var sleppt, svo sem útgáfu kjörbréfa. Mikilvægt þótti að mati undirbúningsnefndar að skýr þingsköp væru til staðar jafnvel þótt reynt var að hafa yfirbragð og ásýnd þinga ASÍ-UNG með léttum og frísklegum hætti.

6. Undirbúningur stofnþings

Við undirbúning stofnþingsins tók undirbúningsnefnd ASÍ-UNG mið af þeim hugmyndum og sjónarmiðum sem komu fram á undirbúningsfundunum með ungu launafólki.

Ákveðið var að halda stofnþing á vordögum 2011 til þess að ný stjórn ASÍ-UNG gæti tekið sem fyrst til starfa og lagt niður megináherslur og verkefni fram að hausti 2012 þegar fyrirhugað er að halda næsta þing ASÍ-UNG í tengslum við sambandsþing ASÍ. RSÍ og VM buðust til að lána ASÍ-UNG afnot af salarkynnum Rafiðnaðarskólans til að halda stofnþing ASÍ og kann undirbúningshópurinn þeim bestu þakkir fyrir.

Fyrirvarinn var nokkuð skammur en undirbúningshópur taldi mikilvægt að samþykktir og þingsköp yrðu lögð fram á stofnþingi og var aðildarfélögum veitt færi á að gera tillögur að breytingum á hugmyndum undirbúningshóps áður en að þingi kæmi. Þannig vildi undirbúningshópurinn tryggja lýðræðislega umræðu um samþykktirnar og þingsköpin en ennfremur var eins og áður sagði tekið mið af sjónarmiðum ungs fólks í öllum aðildarfélögum á undirbúningsfundum.

Þá taldi undirbúningshópurinn mikilvægt að þingfulltrúar á stofnþingi ASÍ-UNG gætu tekið virkan þátt í þingstörfum. Af þeim sökum var ákveðið að láta meginvinnu þingsins fara fram í vinnuhópum þar sem unnið er með „miðlunaraðferðinni“. Þá voru eftirfarandi vinnuhópar ákveðnir, í ljósi þeirra málaflokka sem mest áhersla var lögð á af hálfu fundarmanna á undirbúningsfundunum; menntamál, atvinnu- og kjaramál, húsnæðis-, fjölskyldu- og jafnréttismál.

Á fundum var ennfremur kallað í ríkum mæli eftir fræðslu á þingum ASÍ-UNG. Því ákvað undirbúningsnefnd að starfið í vinnuhópunum hæfist með fræðsluerindi þar sem gefið væri yfirlit yfir stöðuna í málaflokknum og vikið að stefnu ASÍ, m.a. á grundvelli stefnu ASÍ í málefnum ungs fólks, til upplýsingar.

Þá var ákveðið að hafa tvö meginfræðsluerindi í upphafi þingsins. Annars vegar erindi um menntamál og ungt fólk en menntamál verða væntanlega ein af megináherslum ASÍ-UNG en hins vegar um ungt fólk og vinnumarkaðinn.

7. Næstu skref

Undirbúningsnefnd ASÍ-UNG hefur á fundum með ungu launafólki og í þeirri vinnu sem unnin hefur verið í aðdraganda stofnþings fengið nokkuð góða yfirsýn yfir þær megináherslur sem ASÍ-UNG ætti að vinna eftir.

Í þessum kafla verður í stuttu máli farið yfir þau meginatriði sem lögð hefur verið hvað mest áhersla á að unnið verði að á næstu misserum og þá eru hér hugmyndir undirbúningsnefndar sem kviknað hafa á undanförunum vikum.

Vefsvæði ASÍ-UNG

Lykilatriði til að starf og áherslur ASÍ-UNG nái til ungs launafólks er að sett verði upp vefsvæði þar sem ungt launafólk getur fengið margvíslegar upplýsingar um réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði.

Markmiðið með slíku vefsvæði væri fyrst og fremst að vera upplýsingaveita fyrir ungt launafólk, aðgengilegt vefsvæði þar sem upplýsingar eru settar fram með skýrum og frísklegum hætti. Frekar er fjallað um tillögur að vefsvæði ASÍ-UNG á bls.8-9.

Herferðir

Ljóst er að mikið starf er óunnið við að kynna fyrir ungu fólki réttindi þeirra á vinnumarkaði og starfsemi stéttarfélaganna.

Fram kom á fundunum hugmyndir um að hrint yrði af stað herferð þar sem starf stéttarfélaganna væri kynnt ungu fólki, m.a. réttur á styrkjum úr sjúkrasjóðum, réttindagæsla o.s.frv. Slíkar herferðir mætti reka með kynningarefni, svo sem plakötum, bæklingum og auglýsingum sem dreift yrði m.a. í skólum,

kvikmyndahúsum og þar sem ungt fólk vinnur að sumri til. Þannig mætti ennfremur vekja athygli á ASÍ-UNG og vefsvæðinu.

Hugmyndir að fleiri herferðum vörðuðu m.a. upplýsingar um laun og kjör á vinnumarkaði, svarta atvinnu og starf trúnaðarmanna.

Félagsmálaskólinn

Margvísleg námskeið og fræðsla er í boði á ári hverju hjá Félagsmálaskóla alþýðu. Á fundunum kom fram að ungt launafólk sem starfar innan verkalýðshreyfingarinnar þekkir ekki nægilega vel til starfsemi Félagsmálaskólans auk þess sem kallað var eftir auknu fræðsluframboði fyrir þennan hóp.

Mikilvægt er að ASÍ-UNG fari í samstarf með Félagsmálaskólanum þar sem markmiðið væri að auka þátttöku ungs launafólks innan verkalýðshreyfingarinnar í þeim námskeiðum sem boðið er upp á en ennfremur að bjóða sérstaklega upp á námskeið fyrir ungt launafólk.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn eru mikilvægasti tengiliður almennra launamanna við stéttarfélögin. Það er því algjört lykilatriði að efla og styðja við trúnaðarmenn sérstaklega við móttöku nýrra starfsmanna. ASÍ-UNG gæti í samstarfi við trúnaðarmannafræðslu Félagsmálaskólans gert gangskör í þessum efnum.

Mikið var rætt um brýnt hlutverk trúnaðarmanna á fundunum og var m.a. varpað upp hugmyndum um að auka þyrfti þekkingu og færni trúnaðarmanna í að taka á móti nýju starfsfólki og kynna þeim vinnutilhögun og helstu réttindi og skyldur á vinnustað.

Þá var nefnt að jafnvel ætti að útbúa kynningarefni fyrir trúnaðarmenn til að dreifa til nýs starfsfólks og nefnt að í kjarasamningum ætti að semja um að trúnaðarmönnum væri rétt og skylt að eiga fund með nýju starfsfólki í upphafi starfs til að fara yfir þessi meginatriði.

Að sama skapi var nefnt að nauðsynlegt væri, með einhverjum hætti, að vekja athygli ungs launafólks á starfi trúnaðarmannsins með það að markmiði að auka áhuga þeirra á því að taka slík störf að sér. Í því skyni væri mikilvægt að vekja athygli á margvíslegri fræðslu sem trúnaðarmönnum stendur til boða.

Jafningjafræðsla

Nokkur stéttarfélag hafa heimsótt grunn- og framhaldsskóla til að kynna fyrir ungu fólki starf stéttarfélaganna og réttindi launafólks á vinnumarkaði.

Fram kom ríkur vilji til þess á fundunum með unga launafólkinu að slíkt kynningarstarf færi fram á vegum allra stéttarfélaganna og jafnvel með samræmdum hætti. Mikilvægt væri að ASÍ-UNG beitti sér fyrir því að öll stéttarfélög á landinu myndu heimsækja 10. bekk grunnskóla og nemendur í framhaldsskólum. Þá væri nauðsynlegt að um jafningafræðslu væri að ræða þannig að talað yrði til unga fólksins á þeirra máli.

Eins komu fram hugmyndir um að slík fræðsla gæti farið fram í samstarfi við lífsleikni námskeið í skólum og jafnvel þannig að nemendur fengju einingar fyrir að ljúka námskeiðunum.

Námskeið

Eins og fram hefur komið var litið á fræðsluverkefni sem eina af megináherslum ASÍ-UNG. Mikilvægt er að ungt fólk sem hefur virkan áhuga á þátttöku innan verkalýðshreyfingarinnar geti sótt námskeið bæði á vegum Félagsmálaskólans en eins sem skipulögð eru sérstaklega á vettvangi ASÍ-UNG.

Þá hafa komið til umræðu hugmyndir að vera með 2-3 daga námskeið t.d. annað hvert ár fyrir ungt fólk innan verkalýðshreyfingarinnar, að norræni fyrirmynd. Á slíkum námskeiðum væru fyrirlestrar, málstofur og vinnuhópar þar sem farið væri yfir margvíslega þætti sem varðar starf og verkefni verkalýðshreyfingarinnar, svo sem leiðtogaþjálfun, rökræður, hagfræði, samningagerð o.s.frv. Markmiðið með slíku víðfeðmu námskeiði væri að efla unga fólk í störfum þeirra innan verkalýðshreyfingarinnar en ekki síður gefa því færi á að efla tengsl sín á milli.

Innra starf aðildarfélaganna

Með margvíslegum hætti kom fram að aðildarfélögin verði að efla þann þátt starfsemi sinnar sem miðar að því að auka þátttöku og þekkingu ungs launafólks á stéttarfélögum. Vísað er til bls. 9 varðandi þau atriði.